



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Kópavogur, 19. febrúar 2021  
2011012 SB

Efni: **Landsskipulagsstefna 2015-2026, viðauki**

Á 98. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 15. janúar s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:


Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 dags. nóvember 2020, sem auglýst er til kynningar ásamt umhverfismati í samræmi við lög nr. 123/2010 og 105/2006 og reglugerð nr. 1001/2011. Í tillögunni er sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða. Skipulagsstofnun hélt opinn hagsmunaaðilafund vegna tillögunnar 19.11.2020 og lokaðan fund fyrir kjörna fulltrúa á höfuðborgarsvæðinu og opinbera starfsmenn þann 04.12.2020.

*Niðurstaða*

*Svæðisskipulagsnefnd fagnar viðbættum við landsskipulagsstefnu og telur þær samræmast meginmarkmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040, sér í lagi kaflar um loftslag og skipulag, um 20 hverfið og um heilsuvæna byggð og landnotkun.*

*Nefndin telur jákvætt að Skipulagsstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti ætli að hafa frumkvæði um framkvæmd ýmissa verkefna og gerð leiðbeininga, til dæmis smíði upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna mismunandi landnotkunar – gæta þarf þess að stefna landsskipulagsstefnu sé fjármögnuð svo fyrrgreind verkefni nái fram að ganga.*

Virðingarfyllst,

  
Jón Kjartan Agústsson  
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins